

Mánudaginn 15. mars 1976.

Nr. 52/1976. **Hótel Holt**
 gegn
Magnúsi Thorberg.

Dómenndur:
 hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Benedikt Sigurjóns-
 son og Björn Sveinbjörnsson.

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 4. mars 1976, sem barst Hæstarétti 9. s. m., hefur sóknaraðili með heimild í 21. gr., 1. tl., b., laga nr. 75/1973 skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar. Krefst hann þess, að dómurinn verði úr gildi felldur og að lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar.

Mál þetta var höfðað sem áskorunarmál samkvæmt lögum nr. 49/1968. Málið fullnægði ekki skilyrðum 1. gr. nefndra laga, og átti héraðsdómari því að synja um útgáfu stefnu, sbr. 6. gr. laganna. Með heimild í 9. gr., sbr. og 11. gr. laganna hefur málinu verið vikið til venjulegrar málsmeðferðar á bæjarþingi. Mál, sem höfðað er sem áskorunarmál, þarf ekki að leggja til sátta fyrir sáttanefnd samkvæmt 16. gr. nefndra laga.

Samkvæmt því, sem nú er rakið, ber að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi og vísa málinu heim í hérað til lögleggrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Eftir þessum málalokum ber að dæma varnaraðilja til að greiða sóknaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst 10.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði frávísunardómur er úr gildi felldur, og er málinu vísað heim í hérað til lögleggrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Varnaraðili, Magnús Thorberg, greiði sóknaraðilja, Hótel Holti, 10.000 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. febrúar 1976.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 16. febrúar sl., hefur Hótel Holt, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með áskorunarstefnu, birtri 10. apríl 1975, gegn Magnúsi Thorberg kaupmanni, Laugavegi 8, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 36.271 með 1.5% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 1. nóvember 1973 til 15. júlí 1974, en með 2% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu.

Greinargerð af hálfu stefnda var lögð fram í málinu 12. júní 1975. Stefndi gerir þær dómkröfur, að málinu verði vísað frá dómi og sér dæmdur málskostnaður að skaðlausu. Stefndi áskilur sér jafnframt rétt til þess að taka síðar til varna um efnishlið málsins, ef þörf krefur.

Sættir hafa verið reyndar í málinu án árangurs.

Málinu var vikið til venjulegrar meðferðar 28. nóvember sl., en munnlegur málflutningur um frávísunarkröfu stefnda fór fram 16. febrúar sl., og var málið tekið til dóms eða úrskurðar þann sama dag. Er einungis sá þáttur málsins hér til úrlausnar.

II.

Málavöxtum er þannig lýst í stefnu, að umrædd skuld sé samkvæmt reikningi, dags. 24. okt. 1973, að fjárhæð kr. 36.271, vegna dvalar dóttur og tengdasonar stefnda, Mr. og Mrs. Richard Harwood, á Hótel Holti dagana 4. til og með 17. október 1973. Reikning þennan hafi stefndi, Magnús Thorberg, tekið að sér að greiða, en þrátt fyrir ítrekaðar innheimtutilraunir og loforð stefnda um greiðslu hafi skuldin ekki fengist greidd.

III.

Krafa stefnda um frávísun málsins er byggð á því, að mál þetta skuli leggja fyrir sáttanefnd samkvæmt 5. gr. laga nr. 85/1936, 1. mgr., en mál þetta sé ekki af þeirri tegund mála, sem undanþegin séu sáttatilaun fyrir sáttanefnd, sbr. áðurnefnda grein.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að þar sem málið sé

höfðað sem áskorunarmál, sé það undanþegið sáttumleitan fyrir sáttanefnd, sbr. 16. gr. laga nr. 49/1968 um áskorunarmál. Stefnandi gerir þær kröfur, að frávísunarkröfunni verði hrundið. Stefnandi gerði ekki sérstaklega kröfu um málskostnað fyrir þennan þátt málsins.

IV.

Mál þetta er upphaflega höfðað sem áskorunarmál, en telja verður, að það fullnægi þó ekki þeim skilyrðum, sem gerð eru til að reka megi það sem áskorunarmál, þar sem skuldarviðurkenn- ing af hálfu stefnda liggur ekki fyrir í málinu, sbr. 1. gr., sbr. 11. gr. laga nr. 49/1968.

Heimild til að ganga fram hjá sáttanefnd í máli þessu á hvorki stoð í 5. tl. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 85/1936 né í öðrum lagagreinum. Verður því að taka kröfu stefnda til greina og vísa málinu frá dómi. Málskostnaður þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 15.000.

Sigríður Ólafsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Málinu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Hótel Holt, greiði stefnda, Magnúsi Thorberg, kr. 15.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms- ins að viðlagðri aðför að lögum.
